

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Efni: *Umsögn um tillögu borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um gagnagrunna á öll svið borgarinnar.*

Lögð var fram tillaga í Borgarráði þann 23.8.2018 þess efnis að svið borgarinnar fari að góðu fordæmi velferðarsviðs og láti útbúa upplýsingagagnagrunna samskonar og Velstat gagnagrunninn. Grunnurinn geri borgarbúum og blaðamönnum kleift að nálgast tölfraðilegar upplýsingar um þá þjónustu sem heyri undir sviðið. Slíkur grunnur spari bæði tíma og fjármuni við úrvinnslu upplýsinga en umfram allt auki hann gagnsæi í stjórnsýslunni. Var tillögunni vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs þann 22.10.2019.

Í samræmi við leiðarljós samþykkrar *Upplýsingastefnu Reykjavíkurborgar 2015-2020* hefur markvisst verið unnið að því að gera sem flest gögn borgarinnar aðgengileg, opin og gagnsæ fyrir íbúa og aðra hagaðila.

Allt frá árinu 2013 hefur Reykjavíkurborg haldið úti tölfraðivefnum *Reykjavík í tölum*. Byggir sá vefur á sama veftöfluhugbúnaði og gagnagrunnur velferðasviðs, eða PX-Web. Reykjavík í tölum inniheldur 256 veftöflur í 11 köflum þar sem haldið er utan um tölfraði sem snýr að Reykjavík, íbúum hennar og starfsemi Reykjavíkurborgar. Þeir kaflar sem snúa að starfsemi Reykjavíkurborgar eru sóttir til fagsviðanna og hafa þau þannig tækifæri til þess að miðla tölfraðigögnum um þá þjónustu sem undir þau heyrir á samræmdan hátt.

Þá opnaði Reykjavíkurborg vefinn *Opin fjármál* í desember 2016, þar sem hægt er að skoða fjármál borgarinnar í opnu og ósúðu gagnaformi og kynna sér þau ofan í kjölinn. Var Reykjavík fyrsti opinberi aðilinn sem birti fjárhagsgögnin sín með þessum hætti á vefnum. Einnig var opið aðgengi að gögnum Reykjavíkurborgar stóraukið á árinu 2017 í gegnum svæði Reykjavíkurborgar á vefnum *Opin gögn*. Þar má nálgast opinbera útgáfu hrágagna á tölvulesanlegu sniði og er íbúum og öðrum hagaðilum frjálst að lesa gögnin, vinna úr þeim og birta með nýstárlegum hætti. Til viðbótar opnaði *Mælaboð borgarbúa* í febrúar 2019 en þar er hægt að skoða fjölbreytt gögn sem sett hafa veirð fram á aðgengilegan hátt um þá ólíku málaflokka sem tengjast Reykjavíkurborg og lífinu í borginni, allt frá notkun sundstaða til lesskilnings skólabarna.

Að lokum var samþykkt á fundi Mannréttinda og lýðræðisráðs þann 11. apríl síðastliðinn tillaga ráðsins um að hefja undirbúning að opnun *Gagnsjár Reykjavíkurborgar*. Í greinargerð með tillögunni segir að „Gagnsjáin styðji við markmið borgarinnar um að eiga frumkvæði að ítarlegri upplýsingamiðlun til íbúa. Gagnsjáin sé þannig hluti af lýðræðis- og *samskiptakerfum*

borgarinnar, stuðli að gagnsæi, bættri þjónustu, upplýsingagjöf og auðveldi borgarbúum að hafa samskipti við borgina, falast eftir ítarlegri upplýsingum, koma að ákvarðanatöku og senda ábendingar og tillögur á einfaldan hátt, í samræmi við stöðu máls innan borgarkerfisins“.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (ÞON) varð til í kjölfar stjórnkerfisbreytinga sem komu til framkvæmda þann 1. júní 2019, og innan þess skrifstofa gagnþjónustu sem meðal annars sérhæfir sig í hagnýtingu gagna. Eitt af stóru verkefnum skrifstofu gagnþjónustu verður að sjá til þess að gögn borgarinnar verði sótt, samþætтуð í samþættingarlagi (e. data integration layer) og geymd í miðlægum gagnagrunni. Með smíði samþættingarlags gagna og miðlægs gagnagrunns verður einnig hægt að hagnýta gögn enn frekar, meðal annars í skýrslugerðum, í framendakerfum og í tölfræðigreiningum. Einnig skapast sá möguleiki að stýra aðgengi að gögnum og setja upp hverskonar vefþjónustur og viðmót fyrir gögn borgarinnar á einum stað. Með þessum hætti fæst betri yfirsýn yfir gögn borgarinnar og skapast tækifæri til framtíðar.

Í ljósi ofangreindra atriða er það okkar mat að vinnan að baki málstillögunni sé nú þegar hafin hjá skrifstofu gagnþjónustu í almennara formi fyrir öll gögn borgarinnar og að umbeðin atriði fáiist með þeirri vinnu sem framundan er. Ljóst er þó að um umfangsmikið verkefni er að ræða sem taka mun nokkurn tíma að ná utan um. Yfirsýn yfir gögn og gagnagrunna borgarinnar er gríðarlega mikilvægt verkefni sem leitast verður við að setja í háan forgang á komandi mánuðum enda felast mikil verðmæti fyrir Reykjavíkurborg í því að hagnýta gögn á þann hátt sem hér er fjallað um.

Virðingarfyllt,
Óskar J. Sandholt